

---

# REGLUGERÐ FYRIR MÓTANEFND KLÍ

---

## 1. grein

Mótanefnd skal skipuð a.m.k. fimm mönnum tilnefndum af KLÍ og skal formaður nefndarinnar skipaður sérstaklega.

## 2. grein

Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta, sem og annarra móta og kappleikja, sem haldin eru af KLÍ.

## 3. grein

Formaður mótanefndar boðar til funda í mótanefnd. Þó skal ætíð halda fundi í mótanefnd, ef einhver nefndarmanna eða aðili í stjórn KLÍ óskar þess.

## 4. grein

Mótanefnd getur tekið ákvarðanir ef meirihluti nefndarmanna eru þeim samþykktir.

## 5. grein

Við fundi mótanefndar skal færð fundargerðarbók og skal afrit fundargerðar sent KLÍ.

## 6. grein

Verkefni mótanefndar eru:

- að gera tillögur að skipulagi móta á keppnistímabilinu.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Meistarakeppni KLÍ.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Bikarkeppni liða.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts 4ra manna liða.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Deildarbikars liða.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts para.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts einstaklinga.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts í tvímenningi.
- að auglýsa og sjá um framkvæmd annara móta á vegum KLÍ.
- að taka ákvarðanir um frestun eða niðurfellingu leikja.
- að sjá um útgáfu mótaskrár KLÍ. Skal hún koma út áður en Íslandsmót liða hefst.
- að bera ábyrgð á að staða og úrslit í mótum séu gerð opinber sem fyrst eftir að umferð/móti lýkur.

## 7. grein

Mótanefnd auglýsir eftir og tekur við þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót og Bikarkeppni. Keppnisdaga í Íslandsmótum skal auglýsa með minnst mánaðar fyrirvara í mótabók/vef KLÍ og/eða á töflum í keilusölunum. Jafnframt skal öllum keilufélögum/keiludeildum send samsvarandi tilkynning.

Ef þátttaka er ekki næg eða einhver önnur ástæða kemur í veg fyrir að mót verði haldið, getur mótanefnd í samráði við stjórn KLÍ fell mótið niður.

### **8. grein**

Mótanefnd skal vinna að skipulagi móta KLÍ. Mótafyrirkomulag skal sent stjórn KLÍ til samþykktar, eigi síðar en 1. júní ár hvert. Skipulag þetta skal unnið í samstarfi við landsliðsnefnd, unglínganefnd og keilufélögin. Dagskrá vetrarins skal vera kynnt eigi síðar en 15. ágúst ár hvert. Kynningin skal fara fram á vef sambandsins og send keilufélögunum.

### **9. grein**

Mótanefnd getur veitt mönnum undanþágu frá greiðslu þátttökugjalds í mótum sem haldin eru af KLÍ sem þeir hafa skráð sig í en ekki mætt til. Skal leikmaður skila til mótanefndar, innan 48 klukkustunda frá lokum viðureignar eða móts, skriflegri útskýringu á ástæðu þess að hann mætti ekki til keppni, og skal mótanefnd meta hvort hún teljist fullnægjandi.

### **10. grein**

Mótanefnd skal skila skýrslu um starfsemi sína til KLÍ innan mánaðar frá lokum keppnistímabilsins.

*Breytt á formannafundi KLÍ 29. apríl 2010*